Þjórsárskóli

Starfsáætlun Þjórsárskóla

SKÓLAÁRIÐ 2026-2027

Guðmundur Finnbogason

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Þjórsárskóli 4
Stjórnskipulag skólans 4
Skólastefna 5
Kennslufræðileg sýn 5
Heillaspor 6
Skólareglur 6
Skólaráð 9
Skólanefnd 10
Foreldrafélag 10
Samstarf heimila og skóla 10
Nemendafélag 11
Skóladagatal 11
Skipulag skóladagsins 12
  Vikulegur starfstími skóla 12
Starfsfólk 13
Nemendaverndarráð 14
Farsæld barna 15
Tilhögun kennslu 16
  Heimanám 17
Val nemenda í 8.-10. bekk 17
Samstarfsverkefni 18
  Samstarf við Leikholt 18
  Smiðjudagar 18
  Stóra upplestrarkeppnin 19
  Skólabúðirnar á Reykjum í Hrútafirði 19
  Framhaldskólar 19
  Grænfáninn 19
Stoðþjónusta 19
Náms og starfsráðgjafi 20
Skólahjúkrunarfræðingur 20
Tómstundastarf og félagslíf 20
  Félagsmiðstöð 20
  Íþróttastarf 21
Hagnýtar upplýsingar 21

Mötuneyti 22
Innra mat 22
Starfsþróunaráætlun Þjórsárskóla 2026–2027 22

Inngangur

Samkvæmt 29 gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 ber hverjum skóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunn- og leikskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoðuð reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólaráð til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, Aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Áætlunin er jafnframt lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar samkvæmt starfsáætlun skólanefndar.

Áherslur 2026–2027:

- innleiðing Heillaspora,
- innleiðing nýrrar aðalnámskrár með breyttum áherslum í innramati,
- G-PALS og PALS á yngsta stigi og miðstigi. Aukin áhersla á læsi á öllum stigum.

Þjórsárskóli

Þjórsárskóli er heildstæður skóli rekinn af Skeiða- og Gnúpverjahreppi og þjónar nemendum sveitarfélagsins.

Skólinn er staðsettur í Árnesi og þjónar nemendum í 1.-10. bekk.

Skólinn hefur markað sér sérstöðu með öflugu útinámi og mikilli áherslu á list- og verkgreinakennslu. Meðal þess sem nemendur gera er að fara í útilegu einu til þrisvar sinnum á ári, bæði í tjöld og í skála. Þannig vill skólinn tengja nemendur við nærumhverfi sitt og náttúru með það að leiðarljósi að efla seiglu þeirra og áhuga á útivist.


Við skólann starfa rúmlega 20 starfsmenn skólaárið 2026-2027 sem sinna um 70 nemendum.

Einkunnarorð skólans eru:

Vinátta – Virðing – Gleði

Stjórnskipulag skólans

Þjórsárskóli er hefðbundinn heildstæður grunnskóli. Honum er stýrt af skólastjóra sem hefur sér til aðstoðar þrjá deildarstjóra. Deildarstjórn er skipt niður í deildarstjórn yngsta stigs, mið- og elsta stigs og stoðþjónustu. Allir deildarstjórar kenna jafnframt á sínum stigum. Kennurum til stuðnings er öflugt lið stuðningsfulltrúa og skólaliða. Undir skólann heyrir einnig umsjónarmaður skólavistar og frístundar en skólavist er rekin fyrir alla nemendur á yngsta stigi. Það gerir skólanum kleift að samræma skólaakstur allra nemenda. Frístund er í boði fyrir þau sem þurfa eftir að skólabílar fara og til klukkan 16:00.



Skólastjóri Þjórsárskóla er Guðmundur Finnbogason.

Staðgengill skólastjóra er Kristín Gísladóttir, deildarstjóri yngsta stigs.

Skólastefna

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur markað sér metnaðarfulla skólastefnu sem gildir til ársins 2028. Þjórsárskóli vinnur eftir þessari stefnu í sínu starfi en hún leggur meðal annars áherslu á einstaklingsmiðað nám, sköpun í skólastarfi, umhverfis- og útikennslu, snemmtækan stuðning, virk og traust tengsl við foreldrasamfélagið og metnað og fagmennsku í skólastarfinu.

Allt setur þetta mark sitt á skólastarfið í Þjórsárskóla.

Stefnuna má nálgast á vef sveitarfélagsins:
https://www.skeidgnup.is/static/files/eigin.skjol/stefnur.aaetlanir/skolastefna-skeida-og-gnupverjahrepps-lokaeintak-compressed-1-.pdf

Kennslufræðileg sýn

Við Þjórsárskóla er sérstök áhersla á að halda vel utan um nemendahópinn og tryggja að öllum nemendum líði vel. Vellíðan er undirstaða alls náms. Með litlum námshópum og góðri samvinnu kennara verður það auðveldara en ella. Mikil áhersla er á list- og verkgreinakennslu og á útinám en Þjórsárskóli er Grænfánaskóli og hefur verið það lengi. Með útináminu er reynt að efla náttúrulæsi nemenda en skólinn er staddur í og við perlur Þjórsárdalsins. En einnig er unnið að því að efla seiglu nemenda.

Skólastarfið á að vera skemmtilegt og gefandi með fjölbreyttum námsaðferðum sem kveikja hjá nemendum námsáhuga. Gott traust á að ríkja milli allra sem koma að

skólasamfélaginu. Með því að eiga í stöðugu og gefandi samtali við foreldra er reynt að efla það traust og virkja samfélagið sem mikilvægan hluta af námi og þroska barna og ungmenna.

Heillaspor

Þjórsárskóli vinnur að innleiðingu Heillaspora MMS í samstarfi við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ).

Heillaspor (e. Nurture) er heildræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í inngildandi skóla- og frístundastarfi. Umgjörð Heillaspora byggir á leiðum til að skapa tengslamiðað og öruggt skólasamfélag þar sem börn njóta velferðar, taka virkan þátt, þroska sína innri hæfileika og styrkja stöðu sína í námi. Þegar börn upplifa öryggi og tengsl í skólanum verða þau líklegri til að tjá sig og segja frá því sem þau raunverulega þurfa á að halda, sérstaklega þau sem búa við félagslegar eða efnahagslegar áskoranir.

Leiðandi vörður Heillaspora eru styðjandi vegvísar að samþættum vinnubrögðum. Þær hvetja starfsfólk til að ígrunda eigin starfshætti, umhverfi, samskipti og viðhorf á dýptina. Vörðurnar leiða starfsfólk áfram í átt að dýpri þekkingu og skilningi á eigin viðbrögðum og á fjölbreyttum þörfum bæði barna og samstarfsfólks. Með sameiginlegri sýn á mikilvægt hlutverk og ábyrgð starfsfólks í að skapa fyrirsjáanleg og nærandi tengsl er stuðlað að þróun félags- og tilfinningaþroska barna.

Í gegnum markvissa innleiðingarvinnu er stutt við áræðni starfsfólks til að leita nýrra leiða svo betur sé hægt að mæta þörfum barna og tryggja þeim tilfinningalegt öryggi. Markmið Heillaspora er að:

- Byggja upp heildstæða, inngildandi og styðjandi menningu í skóla- og frístundastarfi.
- Efla tengsl og öryggi í skóla- og frístundastarfi.
- Styðja við faglegt samtal, ígrundun og vellíðan starfsfólks.
- Skapa rými fyrir rödd barna og efla virka þátttöku þeirra í skóla- og frístundastarfi.
- Styðja við sjálfsmynd, tilfinningalegt jafnvægi og farsæld barna í leik og starfi.

Á skólaárinu 2026-2027 hefst innleiðing verkefnisins. Fyrsti hlutinn er námskeið með öllu starfsfólki skólans á haustfundum. SVÁ leiðis svo innleiðingarferlið í samstarfi við innleiðingarteymi skólans. SVÁ framkvæmir greiningu á því hvaða þætti á að taka fyrir og innleiðingarteymið útfærir innleiðingu á þeim þáttum.

Skólareglur

Reglurnar voru endurskoðaðar haustið 2025.

Samkvæmt reglugerð nr.1040/2011 skal hver grunnskóli setja sér skólareglur þar sem fram koma skýr viðbrögð við brotum á reglunum. Stuðlað sé að jákvæðri hegðun og miðað sé að því að rækta persónulegan þroska og hæfni nemenda. Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra. Skólareglur eru settar í samráði við skólaráð og er leitast við að ná sem víðtækastri sátt um þær. Á hverju ári eru skólareglur kynntar nemendum og foreldrum þeirra og þær eru birtar á vef skólans. Umsjónarkennarar fjalla um reglurnar með nemendum, þýðingu þeirra og hlutverk eins oft og þurfa þykir. Í skólareglum er kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð og skyldur.

Einkunnarorð Þjórsárskóla eru: Vinátta, virðing og gleði. Þau einkunnarorð eru til grundvallar í skólareglunum.

Sömu væntingar eru gerðar til allra sem koma að skólasamfélaginu, að virðing og vinátta sé höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum. Þannig gengur starfið vel fyrir sig og öll fá tækifæri til að læra og þroskast.

Skólareglur gilda í öllu starfi Þjórsárskóla

1. Við erum kurteis í samskiptum og sýnum hvort öðru virðingu. Stríðni og einelti er ekki liðið í skólanum.
2. Við göngum vel um skólann, húsnæðið, búnað og gögn.
3. Við komum tilbúin í skólann, bæði til að læra úti og inni.
4. Símar og önnur snjalltæki eru ekki leyfileg í skólanum. Ef þau koma með í skólann er þeim skilað til kennara við upphaf skóladags og fást aftur við lok skóladags.
5. Skólabíllinn er hluti af skólanum og sömu reglur gilda í honum. Við notum alltaf viðeigandi öryggisbúnað í bílnum og förum eftir fyrirmælum skólabílstjóra.
6. Öll neysla tóbaks, nikótíns, orkudrykkja eða annarra efna sem ekki eru ætluð börnum er bönnuð í skólanum og ferðum á vegum hans.
7. Nemendur og forráðamenn bera ábyrgð á eigum nemenda sem koma með í skólann.
8. Við erum stundvís og látum strax vita af forföllum. Skólaskylda er á Íslandi og mikilvægt að nemendur missi ekki meira úr skóla en nauðsynlegt er.
9. Nemendur fara að fyrirmælum kennara og annars starfsfólks skólans.

Brot á skólareglum

Við brot á skólareglum er farið eftir aðgerðaráætlun. Hvert brot fyrir sig er metið en ef um alvarlegt brot er að ræða er byrjað neðar í aðgerðaráætluninni. Skólareglur leggja nemendum línurnar varðandi þá hegðun sem nemendur ættu að sýna í skólanum. Ávallt

er reynt að finna lausnir á málum sem eru við hæfi hverju sinni og með gildi skólans að leiðarljósi.

Aðgerðaráætlun fyrir brot á skólareglum

- Starfsmaður ræðir við nemanda.
- Nemanda er leiðbeint og lögð er áhersla á að hann þekki regluna og sýni vilja til þess að gera betur næst.
- Lögð er áhersla á virðingu og að starfsmaður hrósi nemanda fyrir samvinnu.
- Starfsmaður lætur skólastjórnendur vita af málinu.

Ef nemandi hefur ítrekað brotið skólareglur er haldið áfram með málið og farið á næsta stig aðgerðaráætlunar. Það á einnig við ef brot eru alvarlegs eðlis.

- Kennari hefur samband við foreldra/forráðamenn og skráir atvikið í persónumöppu nemanda. Ef nemandi sýnir ekki bætta hegðun boðar umsjónarkennari foreldra/forráðamenn til fundar og lausna er leitað.
- Ef nemandi ítrekar brot sitt eða bætir ekki hegðun sína er haldið áfram með aðgerðaráætlun.
- Skólastjórnendur taka ákvörðun um framvindu málsins í samræmi við viðbragðsáætlanir skólans. Þeir skrá málið og gera umsjónarkennara grein fyrir stöðu mála.
- Haft er samband við foreldra/forráðamenn eins fljótt og hægt er og tryggt að upplýsingarnar séu mótteknar. Fundur boðaður.
- Nemandi fer ekki aftur inn í eigin bekkjaraðstæður fyrr en fundað hefur verið og málið til lykta leitt. Skoða þarf frímínútur sérstaklega.
- Lausnaleiðin er ákveðin í samráði við þá aðila sem málið varðar. Leitað er til nemendaverndarráð og sérfræðinga SVÁ.
- Finnist ekki viðunandi lausn er málinu vísað til skólanefndar.
- Vísa má nemanda tímabundið úr skóla sbr. 14.gr laga um grunnskóla nr. 91/2008

Lög um grunnskóla nr. 91/2008 gr.

14. gr Ábyrgð nemenda.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska.
Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.
Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til

hlutverks barnaverndaryfirvalda.
Meðan mál skv. 3. mgr. er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Skólanefnd er skylt innan hæfilegs tíma að tryggja nemanda, sem vikið hefur verið úr skóla, viðeigandi kennsluúrræði.
Ákvörðun skv. 4. mgr. er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. Hafi sveitarfélag ekki séð nemanda fyrir kennslu getur ráðuneytið í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda nánar tiltekin kennsluúrræði innan tilskilins tíma. Ráðherra mælir nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.

Sjá einnig reglugerð nr. 1040/2011. Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Skólaráð

Kosið er í skólaráð til tveggja ára í senn. Skólaráð er skipað níu einstaklingum:

- Tveimur fulltrúum kennara,
- Einum fulltrúa annars starfsfólks,
- Tveimur fulltrúum nemenda,
- Tveimur fulltrúum foreldra,
- Fulltrúa grenndarsamfélagsins,
- Skólastjóra sem stýrir starfi ráðsins.

Fulltrúar í skólaráði skólaárið 2026-2027

Guðmundur Finnbogason, skólastjóri – Formaður ráðsins

Gunnlaugur Ernst Hákonarson – Fulltrúi nemenda (miðstig) (2025-2027)

Kristín Ágústa Axelsdóttir – Fulltrúi nemenda (elsta stig) (2025-2027)

Elín Anna Lárusdóttir – Fulltrúi foreldra (2025-2027)

Þórdís Bjarnadóttir – Fulltrúi nærsamfélags (2025-2027)

Elin Margareta B. Moqvist – Fulltrúi starfsfólks (2026-2028)

Helena Steinþórsdóttir – Fulltrúi kennara (2025-2027)

Sigríður B. Gylfadóttir – Fulltrúi kennara (2025-2027)

Starfsáætlun fyrir skólaráð Þjórsárskóla:

Fyrsti fundur skólaársins er um mánaðarmóti september/október:

- Farið yfir meðlimi ráðsins, fyrirkomulag funda og annað sem viðkemur starfsemi skólaráðs, sérstaklega til fulltrúa nemenda.

- Starfsáætlun.
- Almenni hluti námskrár.
- Skipulag skólaaksturs
- Samstarf skóla, grænfáninn og önnur sérstök verkefni.

Fundur í nóvember

- Fjárhagsáætlun.
- Stefnur skólans skoðaðar.
- Samstarf heimila og skóla.

Fundur febrúar

- Þróunarverkefni.
- Innra mat og eftirlit með því, helstu niðurstöður sem komnar eru.

Fundur í apríl – opinn fundur skólaráðs

- Skóladagatalið fyrir næsta skólaár.
- Innra mat skólans, niðurstöður og áætlun fyrir næsta skólaár.
- Verkefni líðandi vetrar skoðuð.
- Mönnun næsta árs (fyrstu drög).

Skólanefnd

Skólanefnd er skipuð af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í upphafi hvers kjörtímabils skv. 6. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og 4. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Kjörtímabil nefndarinnar er það sama og sveitarstjórnar. Skólanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps fer í umboði sveitarstjórnar með málefni leik- og grunnskóla og málefni frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar sem sveitarfélagið skipuleggur fyrir börn og ungmenni í samræmi við 33. gr. laga um grunnskóla og æskulýðslög nr. 70/2007. Skólanefnd setur sér starfsáætlun.

Foreldrafélag

Við Þjórsárskóla starfar foreldrafélag.

Í stjórn foreldrafélagsins sitja fimm aðalmenn og tveir varamenn. Lög foreldrafélagsins og frekari upplýsingar eru undir flipum á heimasíðu skólans. Stjórnin er skipuð formanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnendum.

Nöfn stjórnarmanna í foreldrafélagi Þjórsárskóla má finna á heimasíðu skólans. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í starfi félagsins.

Samstarf heimila og skóla

Auk skólaráðs, nefndar og foreldrafélags er skólinn í virku samtali við foreldra allt skólaárið. Samtalið fer meðal annars fram með stöðugri upplýsingagjöf í formi

tölvupósta og beinna samtala kennarar og foreldra. Það samtal fer bæði fram í skipulögðum foreldraviðtölum og í utan þeirra. Lögð er áhersla á að umsjónarkennarar eigi í beinum samtölum við foreldra oft yfir skólaárið. Sérstök áhersla er á að þessi samtöl eigi sér stað bæði þegar vel gengur og þegar eitthvað bjátar á.

Foreldrum er einnig boðið í skólann á skólasetningu og slitum auk viðburða sem eiga sér stað yfir skólaárið. Utan þess eru foreldrar alltaf velkomnir í heimsókn. Þar sem það á við eru sérstök teymi mynduð utan um nemendur og þá eru foreldrar hluti af þeim teymum. Slík teymi funda misreglulega.

Skólinn heldur úti heimasíðu þar sem að hægt er að finna helstu upplýsingar um skólann og skólastarfið þar á meðal skóladagatal hvers ár. Þar eru einnig birtar fréttir af skólastarfinu.

Skólapúlsinn er lagður fyrir foreldra annað hvert ár en hann er mikilvægur liður í innra mati skólans. Mjög mikilvægt er að foreldrar svari könnuninni vel þar sem að hún gefur góða innsýn inn í hug foreldra og stýrir að nokkru leiti því umbótastarfi sem fram fer hverju sinni.

Nemendafélag

Nemendafélag skólans er kosið til eins árs í senn úr hópi nemenda í eldri árgöngum. Í því sitja þrír aðalmenn og þrír til vara. Með tilkomu unglingastigs við skólann hefur starfsemi nemendafélagsins verið að þróast. Áfram verður unnið að þeirri þróun í góðu samstarfi við nemendur og foreldra.


Nöfn fulltrúa í nemendafélaginu má finna á heimasíðu skólans.

Skóladagatal

Skóladagatal Þjórsárskóla er með hefðbundnu sniði. Á dagatalinu eru starfsdagar í upphafi og lok skólaárs samkvæmt kjarasamningi. Sýndir eru skertir dagar (bláir) og starfsdagar (gulir) ásamt uppbrotsdögum sem eru flestir í kringum þemadaga og árshátíð. Auk þess eru á dagatalinu vetrarfrí (rauð) og smiðjudagar sem eru sameiginlegir með skólum í Uppsveitum og Flóa. Að auki má sjá lotuskiptingu sem kennarar hafa til hliðsjónar við skipulag námsins. Það er í samræmi við áherslur í aðalnámskrá þar sem gert er ráð fyrir að námi sé almennt skipt niður í 4-6 vikna lotur.

Skólastarf hefst þann 21. ágúst 2026 með skólasetningu og endar þann 4. júní 2027 með skólaslitum.

Finna má skóladagatal á heimasíðu skólans. https://thjorsarskoli.is/wp-content/uploads/2026/04/Skoladagatal-Drog-2026-2027_lokautgafa-april-2026.pdf



Meðal sérstakra verkefna sem unnin eru í Þjórsárskóla eru útilegur sem eru á dagskrá við upphaf og lok skólaársins. Útilegur eru settar inn á dagatalið þar sem þær taka til alls skólans en auk þeirra er farið í ýmsar ferðir á öllum stigum. Á dagatalinu má einnig sjá námsferð 10. bekkjar til Berlínar en það er í fyrsta skipti sem nemendur á unglingastigi fara erlendis á vegum Þjórsárskóla.

Meðal þess sem ekki er tekið fram á dagatalinu er samræmt mat í matsferli og lesfimi. Lesfimipróf eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Nánar má lesa um fyrirlögn og tilgang þeirra á vefsíðu MMS: https://island.is/s/midstod-menntunar-og-skolathjonustu/lesfimi-og-studningsprof

Stöðu og framvindupróf Matsferils eru lögð fyrir einu sinni á ári. Skylt er að leggja þau fyrir í 4., 7. og 9. bekk en skólar geta lagt þau fyrir alla árganga frá 4. Bekk kjósi þeir að gera það. Þjórsárskóli leggur prófin fyrir alla nemendur í 4. bekk og uppúr til þess að fá heildstæðari mynd af framvindu. Prófað er í lesskilningi og stærðfræði. Þau eru lögð fyrir í mars en skólar hafa mánuð til að leggja prófin fyrir. Nánar má lesa um þessi próf hér: https://island.is/s/midstod-menntunar-og-skolathjonustu/stodu-og-framvinduprof-matsferils

Námsmat fer annars fram í samræmi við fyrirskrift Aðalnámskrár.

Skipulag skóladagsins

Vikulegur starfstími skóla

Kennsla hefst alla virka daga klukkan 8:25. Skólabílar fara af stað frá skólanum á mánudögum klukkan 14:05, þriðjudögum-fimmtudögum klukkan 14:45 og á föstudögum klukkan 12:45.

Nemendur í 1.-4. bekk stunda nám í 30 kennslustundir á viku samkvæmt aðalnámskrá. Nemendur í 5.-10. bekk stunda nám í 36 kennslustundir á viku. Þar bætist við tími tengdur smiðjudögum og útilegum sem fyrir 8.-10. bekk samsvarar að lágmarki einni kennslustund yfir veturinn.

Starfsfólk

Við Þjórsárskóla starfar öflugt teymi sérfræðinga. 17 starfsmenn starfa við kennslu og stjórnun. Þar af eru 16 með kennsluréttindi eða í kennsluréttindanámi eða 94%. Auk þess eru 6 starfsmenn sem starfa við stuðning í kennslu, umsjón með skólavist og frístund og við þrif. Þar af er einn starfsmaður sem lokið hefur stuðningsfulltrúanámi á framhaldsskólastigi.

Fimm bílstjórar sinna skólaakstri við skólann.

Starfsmenn eru:

Andrea Sif Snæbjörnsdóttir, umsjónarkennari, andrea@thjorsarskoli.is

Alda Sól Hauksdóttir, skólaliði, alda@thjorsarskoli.is

Ása Sif Tryggvadóttir, umsjón skólavistar og frístundar, asasif@thjorsarskoli.is

Ásta Björg Nathanaelsdóttir, stuðningsfulltrúi, asta@thjorsarskoli.is

Elin Moqvist, stuðningsfulltrúi, elin@thjorsarskoli.is

Elín Anna Lárusdóttir, sérkennari, elinanna@thjorsarskoli.is

Elsa Ísfold Arnórsdóttir, textílkennari, elsa@thjorsarskoli.is

Elvar Már Svansson, íþróttakennari, elvar@thjorsarskoli.is

Ellý Rut Halldórsdóttir, sérkennari, elly@thjorsarskoli.is

Guðmundur Finnbogason, skólastjóri, gudmundur@thjorsarskoli.is

Halla Rúnarsdóttir, grunnskólakennari, hallar@thjorsarskoli.is

Helena Steinþórsdóttir, umsjónarkennari, helena@thjorsarskoli.is

Helga Jóhanna Úlfarsdóttir, umsjónarkennari, helga@thjorsarskoli.is

Hrönn Brandsdóttir, leiðbeinandi, hronn@thjorsarskoli.is

Ísabella Hauksdóttir, skólaliði, isabella@thjorsarskoli.is

Kaisu Hynninen, tónmenntakennari, kaisu@thjorsarskoli.is

Karen Kristjana Ernstsdóttir, leiðbeinandi, karenk@thjorsarskoli.is

Karen Óskarsdóttir, heimilisfræðikennari, kareno@thjorsarskoli.is

Kristín Gísladóttir, deildarstjóri yngsta stigs, staðgengill skólastjóra og grunnskólakennari, kristin@thjorsarskoli.is

Lilja Loftsdóttir, leiðbeinandi, lilja@thjorsarskoli.is

Sigríður Garðarsdóttir, skólaliði, sigridur@thjorsarskoli.is

Sigríður Björk Gylfadóttir, umsjónarkennari, sigridurb@thjorsarskoli.is

Sophie Susanna Dobernigg, deildarstjóri stoðþjónustu, sophie@thjorsarskoli.is

Skólabílstjórar:

Gunnar Örn Marteinsson
Halldór Fannar Ólafsson
Hannes Ólafur Gestsson
Hilmar Þór Bryde
Valdimar Jóhannsson

Nemendaverndarráð

Samkvæmt 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 584/2010 um nemendaverndarráð í grunnskólum, er starfrækt nemendaverndarráð í skólanum. Það starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Ráðir fundar að lágmarki tvisvar á önn en hægt er að kalla það saman aukalega gerist þess þörf.

Þurfi nemandi, að mati umsjónarkennara, á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónarkennari vísa málinu til nemendaverndarráðs. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem lögð hafa verið fyrir ráðið og tekur ákvörðun um hvernig skal vinna með málið í framhaldinu. Foreldrar geta einnig vísað málum til nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð skipa:

- Guðmundur Finnbogason, skólastjóri
- Sigríður Björg Ingólfsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur hjá HSU,
- Kristín Gísladóttir, deildarstjóri yngsta stigs,
- Sophie Susanne Dobernigg, deildarstjóri stoðþjónustu og sérkennari
- Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri hjá SVÁ
- Mist Grétarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá SVÁ

Farsæld barna

Tengiliðir Farsældar barna í Þjórsárskóla eru þær:

Sophie Susanna Dobernigg, deildarstjóri stoðþjónustu – sophie@thjorsarskoli.is

Elín Anna Lárusdóttir, sérkennari – elinanna@thjorsarskoli.is

Foreldrar geta haft samband í tölvupósti eða með símtali til að fá leiðsögn um þjónustu fyrir barn sitt í samræmi við lög um farsæld barna.

Farsæld barna gerir ráð fyrir þrepaskiptum stuðningi fyrir öll börn.

1. stig Fyrsta stigið skiptist í tvö undirstig – grunnþjónustu og fyrsta stigs þjónustu. Grunn-þjónusta er aðgengileg öllum börnum í ungbarnavernd, leik-, grunn- og framhalds-skólum. Grunnþjónustan skiptir miklu máli fyrir farsæld barna og með því að grípa snemma inn í getum við komið í veg fyrir ýmiss konar erfiðleika síðar meir. Dæmi um góða grunnþjónustu er að leggja áherslu á forvarnir, aðgerðir gegn einelti og ofbeldi og aðgerðir sem styðja við jákvæðan skólabrag. Fyrsta stigs þjónustu tilheyrir einnig einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur sem hefur það að markmiði að styðja við farsæld barns. Hér er um að ræða þjónustu umfram grunnþjónustu. Það er stuðningur við börn sem glíma við vægan vanda og stuðningsaðgerðir sem koma í veg fyrir að vandinn aukist og vaxi. Þar má nefna sem dæmi námsörðugleika, hegðunarvanda barns, afleiðingar eineltis og annarra áfalla eða minniháttar heilsufars vandi.
2. stig Á öðru stigi er veittur einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur en sá sem veittur er á fyrsta stigi. Til að tryggja farsæld barns eru úrræðin sérhæfðari og þjónustan fjölbreyttari. Þjónusta á öðru stigi er veitt þegar úrræði á fyrsta stigi duga ekki til eða hafa ekki borið tilætlaðan árangur. Þörfin fyrir þjónustu á öðru stigi getur til dæmis verið tilkomin af heilsufarslegum, félagslegum eða námslegum aðstæðum. Má þar nefna sem dæmi sérdeildir eða starfsbrautir í skólum og ýmsa stuðningsþjónustu á vegum félags- og skólaþjónustu.
3. stig Á þriðja stigi er veittur sérhæfðari stuðningur til að tryggja að farsæld barns verði ekki hætta búin. Barn sem nýtur þjónustu á þessu stigi hefur að jafnaði flókinn og fjöl-þættan vanda og mikla umönnunarþörf. Barnið er þá í aðstæðum þar sem skortur á viðeigandi stuðningi og úrræðum getur haft alvarlegar afleiðingar og ógnað heilsu þess og þroska. Má þar nefna sem dæmi vistunarúrræði á grundvalli barnaverndarlaga, umfangsmikinn og fjölþættan stuðning við fötluð börn og langvarandi sjúkrahúsdvöl barna. Markmiðið er að sem flest börn fái viðeigandi þjónustu á 1. stigi og að þjónusta þess

stigs sé það öflug að færri börn þurfi þá umfangsmiklu þjónustu sem á sér stað á 2. og 3. stigi.

Nánari upplýsingar má finna hér: https://www.farsaeldbarna.is/

Tilhögun kennslu

Við Þjórsárskóla er kennd samkennsla í mörgum árgöngum. Það helgast af smæð árganga. Skipulag kennslu hverju sinni tekur mið af fjölda í árgangi en einnig af samsetningu námshópa.

Skólaárið 2026-2027:

1.-2. bekkur: Umsjónarkennari, Sigríður Björk Gylfadóttir.
3.-4. bekkur: Umsjónarkennari, Karen Kristjana Ernstsdóttir
5. bekkur: Umsjónarkennari, Andrea Sif Snæbjörnsdóttir
6.-7. bekkur: Umsjónarkennari, Helena Steinþórsdóttir
8.-10. bekkur: Umsjónarkennari, Helga Jóhanna Úlfarsdóttir.

Aðrir kennarar kenna ákveðnar greinar hjá mismunandi hópum.

Áhersla er á að samþætta greinar þar sem það er hægt. Einnig er lögð áhersla á að tengja námshópa saman í gegnum ýmsar greinar. Þannig vinna námshópar á yngsta stigi oft saman sem og námshópar á miðstigi. Elsta stiginu er kennt að miklu leyti í tveimur hópum þó að þau deili umsjónarkennara. Þannig fær 10. bekkur fjölda tíma þar sem sá námshópur er einn í sínum verkefnum. Það er gert bæði til að efla kennsluna og einnig til að undirbúa þau enn betur fyrir færslu á milli skólastiga.

Mikil áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Á yngsta stigi er unnið með vinnustöðvar og hópaskiptingu í mörgum greinum. Þegar nemendur fara upp á mið- og elsta stig verður námið greinaskiptara og tímarnir í hverri grein verða lengri.

Unnið er með tölvur á mið- og unglingastigi þar sem hver nemandi hefur aðgang að ákveðnu tæki. Spjaldtölvur eru notaðar þar sem það hentar en reynt er að takmarka tímann sem fer í tæki á yngsta stigi meira.

Mikil áhersla er á læsiskennslu við skólann, ekki síst á yngsta stigi. Sú áhersla helst fram á elsta stig þó að tíminn sem fer í lestrarkennslu minnki með aukinni getu nemenda. Lesfimipróf eru lögð fyrir samkvæmt áætlunum frá MMS, þrisvar á ári. Prófin gefa góða innsýn inn í þróun nemenda í lestrarnáminu og eru mikilvægur hluti af mati á stöðu nemenda. Mikil áhersla er lögð á yndislestur nemenda og heimalestur í góðu samstarfi við foreldra. Skólinn hefur um árabil tekið þátt í Stóru-upplestrarkeppninni í samstarfi

við aðra skóla í Uppsveitum. Keppnin verður á þessu skólaári haldin í Kerhólsskóla í lok apríl.

PALS verður innleitt á þessu skólaári í samstarfi við SVÁ og Leikholt. Kennarar á yngsta-stigi sækja fræðslu um aðferðina og innleiðingu hennar.

Kennarar hafa einnig sótt námskeið í Íslenskuskólanum haustið 2026. Íslenskuskólinn er þróaður fyrir ÍSAT nemendur en nýtist einnig vel fyrir nemendur sem þurfa stuðning í lestri og við að tileinka sér aukinn orðaforða. Sérkennarar við skólann leiða það verkefni og nýta námsefnið með nemendum sem þurfa aukinn stuðning. Frekari upplýsingar má finna hér: https://www.islenskuskolinn.is/

Mikil og góð sérkennsla er við skólann þar sem tveir sérkennarar sinna nemendahópnum í samstarfi við umsjónarkennara og annað starfsfólk. Sérkennsla fer fram inni í skólastofunni þar sem það hentar en nemendur fá einnig einstaklingsmiðaða kennslu eða kennslu í minni hópum eftir því sem hentar hverju og einum.

Námsmat byggir á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár og fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Aðalnámskrá gerir ráð fyrir því að almennt sé kennt í lotum sem séu um 4-6 vikur. Skóladagatal Þjórsárskóla gerir ráð fyrir 7 lotum. Hver lota markar tímamót sem að nýtt eru í námsmati. Innleiðing á nýjum matskvarða fer fram í vetur í samræmi við áherslur ráðuneytis menntamála og MMS. Leiðsagnarnám er ástundað allt skólaárið en það miðar að því að nemendur fái góðar upplýsingar um námslega stöðu sína og framvindu jafnt og þétt. Námsmat er alla jafna aðgengilegt í Mentor en samfara nýjum áherslum í námsmati er verið að endurnýja Mentor kerfið sem getur haft áhrif á birtingu námsmats.

Vitnisburður fyrir 10. bekk er gefin út í samræmi við Aðalnámskrá og áherslur hverju sinni. Gert er ráð fyrir að lokamat veðri gefið í tölukvarða frá 1-10 fyrir 10. Bekk. Kvarðinn á að lýsa hæfni nemenda og leiðbeina við inntöku í framhaldsskóla.

Heimanám

Þjórsárskóli er ekki heimanámslaus skóli. Áhersla hefur þó verið lögð á að stærstur hluti heimanáms snúi að heimalestri og almennt er námsefni ekki sent heim nema í sérstökum tilfellum. Dæmi um það eru sérstök verkefni sem þarf að vinna heima eða verkefni sem ekki hefur náðst að klára á mið- og elsta stigi.

Miðað er við að nemendur lesi heima í 10-15 mínútur á dag 5 daga vikunnar. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með heimalestri og taka þátt í honum.

Val nemenda í 8.-10. bekk

Nemendur á elsta stigi hafa valtíma í töflum sínum. Í aðalnámskrá grunnskóla segir:

> *Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt*

mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum og skal slíkt koma fram í árlegri starfsáætlun. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglingastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Val í námi skal miða að skipulegum undirbúningi fyrir nám í framhaldsskóla og taka mið af undirbúningi fyrir bóknám, starfsmenntun, verknám og list- og tækninám. Í þessu skini gefst nemendum kostur á að dýpka þekkingu sína á þeim námssviðum eða innan lögboðinna námsgreina. Einnig eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjóndeildarhring þeirra, stuðla að aukinni lífsfyllingu eða dýpka þekkingu, leikni og hæfni sína á tilteknum sviðum í samræmi við áhuga þeirra.

Þar sem elsta stig við skólann er nokkuð nýtt af nálinni er verið að þróa hvernig best er að ná þessum markmiðum. Það er gert bæði með því að bjóða upp á fjölbreytta valtíma innan töflu með því starfsliði sem er við skólann en einnig með því að bjóða upp á smiðjudaga í samstarfi við aðra skóla í uppsveitum og Flóa. Með smiðjum er hægt að bjóða upp á fjölbreytt úrval viðfangsefna nokkrum sinnum yfir árið.

Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig
1 tími í hverju árgangi	1 til 3 tímar í hverjum árgangi	6-7 tímar í hverjum árgangi
	3 smiðjudagar á árinu	7 smiðjudagar á árinu

Samstarfsverkefni

Þjórsárskóli tekur þátt í ýmis konar samstarfsverkefnum. Sum eru föst á dagskrá ár eftir ár en önnur eru í gangi í skemmri tíma.

Samstarf við Leikholt

Þjórsárskóli á í góðu samstarfi við leikskólann Leikholt. Nemendur í skólahóp Leikholts (þau sem eru þar á síðasta ári) koma í Þjórsárskóla nokkrum sinnum yfir árið ásamt því að fara í ferðir með nemendum á yngsta stigi. Markmið samstarfsins er að gefa nemendum og kennurum tækifæri til að kynnast og auðvelda flutning milli skólastiga. Verkefnið hefur verið í gangi lengi og gefist afar vel. Nemendur sem koma í 1. bekk úr Leikholti eiga yfirleitt mjög auðvelt með að hefja nám við skólann enda þekkja þau aðstæður, skipulagið og starfsfólkið vel þegar þau koma.

Smiðjudagar

Smiðjudagar hafa verið í gangi um margra ára skeið. Verkefnið er samstarfsverkefni Bláskógaskóla á Laugarvatni, Kerhólsskóla, Reykholtsskóla, Flúðaskóla, Flóaskóla og

Þjórsárskóla. Þjórsárskóli kom inn í verkefnið þegar elsta stig var tekið upp við skólann. Verkefnið er tvískipt. Annars vegar hittast miðstig skólanna þrisvar yfir veturinn og vinna saman að verkefnum í einn skóladag. Markmið þess hluta er að undirbúa miðstigið fyrir smiðjur á elsta stigi og gefa þeim tækifæri til að hitta jafnaldra í nágrannaskólunum. Verkefnið er líka frábær leið til að leyfa nemendum að kynnast sem fara svo saman á Reyki í 7. bekk.

Hins vegar eru smiðjur á unglingastigi. Þær eru 4 sinnum yfir veturinn og standa þá tvo daga í senn fyrir utan 1 skipti þar sem hópurinn fer í menningarferð til Reykjavíkur. Þau þrjú skipti sem að haldin eru á svæðinu flakka á milli skólanna. Boðið er upp á fjölbreyttar smiðjur sem unglingarnir geta valið úr. Þeir stunda svo smiðjurnar í tvo daga, stundum nokkrar á tímabilinu og stundum eina smiðju yfir tvo daga. Skólinn sem tekur á móti hópnum hverju sinni sér um að skipuleggja smiðjurnar.

Stóra upplestrarkeppnin

Þjórsárskóli tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni með hinum skólunum í uppsveitunum. Skólarnir skiptast á að halda keppnina en utanumhaldið er í höndum Skóla- og velferðarþjónustunnar. Undirbúningur fyrir keppnina fer fram í skólunum þar sem nemendur keppa sín á milli um að verða fulltrúi í lokakeppninni. Nemendur í 7. bekk keppa hverju sinni.

Skólabúðirnar á Reykjum í Hrútafirði

Þjórsárskóli sendir nemendur í 7. bekk í skólabúðirnar á Reykjum á hverju ári. Sú ferð er farin með skólum í uppsveitum sem senda þá sína 7. bekki.

Framhaldskólar

Nemendur í 10. bekk heimsækja ML og FSU til að kynna sér námsframboð. Þau sækja einnig dag framhaldsskólans og sýningu í Laugardalshöll. Þessum verkefnum er stýrt af náms- og starfsráðgjafa sem einnig sinnir áhugasviðskönnunum. Markmiðið er að styðja nemendur við val á áframhaldandi námi.

Grænfáninn

Þjórsárskóli er Grænfánaskóli og hefur verið það lengi. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landvernd sem heldur utan um Grænfánann á Íslandi.

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta Þjórsárskóla er í höndum deildarstjóra stoðþjónustu sem jafnframt er sérkennari. Með deildarstjóra starfar sérkennari í fullu starfi og því er um tæplega tvær stöður að ræða. Auk þess nýtur skólinn stuðnings frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) en sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur er hluti af því byggðasamlagi. Frá skólaþjónustunni fær Þjórsárskóli stuðning kennsluráðgjafa,

sálfræðings, náms- og starfsráðgjafa ásamt fagstuðningi frá Barnavernd og öðru starfsfólki þjónustunnar.

Gerist þess þörf er útbúin einstaklingsnámskrá fyrir nemendur. Tilgangur hennar er að ná utan um nám nemenda sem ekki fylgja almennri námskrá eða þurfa sértækan stuðning. Slíkur stuðningur getur átt við hvort sem að nemendur eru á undan eða eftir í námi. Einstaklingsnámskrá er ávallt unnin í samstarfi og samvinnu við foreldra.

Deildarstjóri stoðþjónustu er Sophie Susanna Dobernigg, sérkennari.

Deildarstjóri skólaþjónustu SVÁ er Gunnlaug Hartmannsdóttir.

Foreldar eru hvattir til að vera í sambandi við skólann og deildarstjóra stoðþjónustu til að leita eftir stuðningi eða óska eftir þjónustu. Deildarstjóri og sérkennari eru jafnframt tengiliðir fyrir Farsæld barna og taka sem slíkir við öllum beiðnum og fyrirspurnum um stuðning.

Náms og starfsráðgjafi

Náms- og starfsráðgjafi Þjórsárskóla kemur frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Viðvera viðkomandi er einn dag í viku (fimmtudaga) þar sem hún hittir nemendur og vinnur með þau verkefni sem náms- og starfsráðgjafi sinnir.

Náms- og starfsráðgjafi við Þjórsárskóla er Mist Grétarsdóttir, mist@arnesthing.is .

Skólahjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur við Þjórsárskóla kemur frá HSU.

Skólahjúkrunarfræðingur er Sigríður Björg Ingólfsdóttir, sigridur.b.ingolfsdottir@hsu.is

Tómstundastarf og félagslíf

Við skólann er starfrækt nemendafélag sem að tekur að sér skipulagningu viðburða á forsendum nemenda. Fyrir yngsta stig er boðið upp á skólavist þar sem leikurinn ræður ferðinni.

Félagsmiðstöð

Sveitarfélagið heldur einnig úti félagsmiðstöðinni Ztart sem býður upp á starf fyrir mið- og elsta stig og starfar í samvinnu við aðrar félagsmiðstöðvar á svæðinu. Hún er staðsett í kjallara Þjórsárskóla. Húsnæðið er skreytt eftir listamanninn Hansa og er hægt að segja að hver veggur og hvert rými sé listaverk.

Félagsmiðstöðin á leikjatölvur, sjónvarp, borðtennisborð, þythokký, fótboltaspil, hljóðfæri, ýmis spil, bolta og margt fleira.

Opnun félagsmiðstöðvarinnar verður á fimmtudögum skólaárið 2026-2027.

Fyrir miðstig er opið frá kl 15-17.
Fyrir unglingastig er opið frá kl 17.30-20.

Markmið félagsmiðstöðvarinnar er að auka félagslega hæfni, þroska og jákvæða sjálfsmynd ungmenna sem fæst með virkri þátttöku í starfi félagsmiðstöðvarinnar. Félagsmiðstöðin Ztart er umhverfi sem ætlað er að stuðla að uppbyggilegum félagslegum samskiptum en einnig staður þar sem má sækja margskonar og fjölbreytta afþreyingu.

Félagsmiðstöðin tryggir heilbrigt og öruggt umhverfi fyrir ungmenni til þess að efla félagsleg tengsl sín á milli.

Einnig er skipulögð dagskrá þar sem ýmiskonar keppnir fara fram, fræðsla og forvarnir. Allt er þetta gert með það í huga til að efla tengsl barna og unglingana, félagsfærni þeirra og þeim til skemmtunar.

Umsjónaraðili félagsmiðstöðvarinnar er Sveinn Atli Magnússon.

Með honum starfar Pálína Ósk Jónsdóttir.

Netfang félagsmiðstöðvarinnar er ztart@skeidgnup.is

Íþróttastarf

Boðið er uppá íþróttastarf innan sveitarfélagsins. Ávalt er reynt að tengja saman íþróttastarf og skólastarf eins og hægt er. Skólavist nýtir nýtt íþróttahús sveitarfélagsins í sínu starfi. Íþróttastarf er í boði Íþróttabandalags Uppsveita (ÍBU) og ungmennafélags Gnúpverja (UMFG). Boðið er upp á fótboltaæfingar, körfuboltaæfingar og borðtennisæfingar.

Frekari upplýsingar um þetta starf er að finna á viðeigandi heimasíðum.

Hagnýtar upplýsingar

Skrifstofa skólans er opinn frá mánudegi til fimmtudags milli klukkan 8-15 og milli klukkan 8-13 á föstudögum. Hægt er að hafa samband við skólann í síma 486-6000 eða með tölvupósti á skolastjori@thjorsarskoli.is eða með tölvupósti til viðeigandi starfsfólks.

Skólinn notar Mentor-námsumsjónarkerfi til að halda utan um skráningu á námsmati og fjarvistum. Allir foreldrar eða forráðamenn hafa aðgang að Mentor.

Veikindi má tilkynna í Mentor, með tölvupósti eða með símtali. Fjarvistir aðrar en veikindi þarf að tilkynna með tölvupósti og fá fyrir þeim leyfi frá umsjónarkennara. Leyfi fyrir lengri fjarvistum þarf að sækja um til umsjónarkennara og skólastjóra en umsjónarkennarar geta aðeins gefið leyfi fyrir fjarvistum að tveimur dögum. Sækja þarf um leyfir fyrir lengri fjarvist til skólastjóra.

Mötuneyti

Mötuneyti er rekið af sveitarfélaginu. Nemendur fá þar gjaldfrjálsan morgunmat og hádegismat auk þess sem boðið eru upp á hressingu fyrir yngstastig í skólavist.

Innra mat

Við Þjórsárskóla starfar innramatsteymi sem hefur það hlutverk að fara yfir og vinna innra mat fyrir skólann. Stuðst er við BRAVO-innramats kerfið sem tekið var upp á skólaárinu 2025-2026. Unnið er að innleiðingu kerfisins en það heldur utan um niðurstöður kannana s.s. Skólapúlsins sem að lagður er fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk með reglulegu millibili.

Niðurstöður eru teknar saman í greinargerð að vori. Þar kemur fram hvaða markmið náðust, helstu styrkleikar og tækifæri til umbóta

Innramatsskýrsla skólans er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd ár hvert og kynnt á netinu. Nýjustu innramatsskýrsluna má finna á heimasíðu skólans. Með skýrslunni er lögð fram umbótaáætlun fyrir komandi skólaár. Hún sýnir þau atriði sem lögð er áhersla á að vinna með á skólaárinu.

Helstu umbóta þættir fyrir skólaárið 2026-2027 samkvæmt umbótaáætlun:

- Endurnýjun heimasíðu
- Endurnýjun móttökuáætlunar
- Aukið samtal við foreldra, sérstaklega um námslega stöðu barna þeirra
- Skýrari kennsluáætlanir
- Betri kynning á skólastarfi til foreldra
- Skýrara verklag um það hvernig sjónarmið nemenda er aflað
- Efla lýðræðislega þjálfun nemenda
- Bæta aðgengi að bókum
- Efla innra mat skólans og þjálfa starfsfólk enn betur í gerð þess
- Efla lestraráhuga nemenda
- Efla áhuga nemenda á stærðfræði

Skýrsluna og umbótaáætlunina má finna hér: Mat á skólastarfi – Þjórsárskóli

Starfsþróunaráætlun Þjórsárskóla 2026–2027

Starfsþróun starfsfólks skólaárið 2026–2027 byggir á niðurstöðum innra mats 2025–2026 og umbótaáætlun skólans. Markmiðið er að fræðslan styðji beint við þá umbótaþætti sem þar voru settir fram.

Rammi

- **Kennarar:** Samkvæmt kjarasamningi FG og Sambands íslenskra sveitarfélaga 102 klst. á ári ætlaðar til endurmenntunar. Endurmenntun á að vera í samræmi

við áætlun skólans og skólastjóri getur ákveðið að kennarar sæki skilgreinda fræðslu.
- **Annað starfsfólk:** Á rétt á fræðslu og þjálfun samkvæmt sínum kjarasamningum.
- **Ábyrgð:** Er sameiginleg. Skólinn skipuleggur sameiginlega fræðslu; hver starfsmaður ber ábyrgð á að viðhalda eigin þekkingu og skrá símenntun sína.
- **Fjármögnun:** Sótt er um styrki í fræðslusjóði stéttarfélaga eftir því sem við á.

Áherslur skólaársins

Fimm áherslur, valdar út frá því sem innra matið sýndi að þarfnast umbóta:

1. **Leiðsagnarnám og nemendasamtöl.** Skólapúlsinn sýnir lækkun í stjórn á eigin lífi og þrautsegju í námi. Leiðsagnarnám styður við þessa þætti.
2. **Kennsluáætlanir og viðmið um árangur.** Grunnþættir, lykilhæfni og staða nemenda þurfa að sjást betur í áætlunum, og viðmið um árangur að vera skráð og öllum aðgengileg.
3. **Rýni í námsmatsgögn.** Kennarar rýna saman í niðurstöður Matsferils og lesfimi og gera áætlanir út frá þeim.
4. **Lestraránægja og áhugi á stærðfræði.** Skólapúlsinn sýnir að huga þarf að þessum þáttum.
5. **Heillaspor.** Unnið er að innleiðingu Heillaspora í samstarfi við SVÁ.

Að auki er haldið áfram með styrkleika skólans, stuðning við nemendur með íslensku sem annað mál, og vinnu við samskiptasáttmála starfsfólks og endurnýjun viðbragðsáætlana.

Áætlun 2026–2027

Sameiginleg fræðsla fer fram á kennarafundum og starfsdögum. Dagsetningar eru leiðbeinandi og festar í skóladagatali.

Hvenær	Fræðsla	Fyrir hverja	Áhersla
Ágú 2026 (starfsdagar, heill dagur) – lokið Innleiðing heldur áfram allt skólaárið.	Heillaspor – námskeið	Allt starfsfólk	–
Sept 2026 – innleiðing í gangi	Íslenskuskólinn – námskeið og innleiðing	Sérkennarar og kennarar á yngsta stigi	Læsi
Haust 2026 – innleiðing í gangi	K-PALS – námskeið og innleiðing	Kennarar á yngsta stigi	Læsi
Kennaraþing Kennarafélags Suðurlands	Fjölbreytt fræðsla og námskeið	Kennara	
Nóv 2026	Rýni í niðurstöður Matsferils og	Kennarar	3

Hvenær	Fræðsla	Fyrir hverja	Áhersla
	lesfimi; áætlanir um framfarir nemendahópa		
Jan 2027 (starfsdagur)	Leiðsagnarnám og markviss nemendasamtöl	Kennarar og stuðningsfulltrúar	1
Jan 2027 (starfsdagur)	Skyndihjálparnámskeið	Allt starfsfólk	–
Allt árið	Lestrarhvetjandi kennsla og leiðir til að efla áhuga á stærðfræði; jafningjafræðsla eða heimsókn í annan skóla	Kennarar	4
Allt árið	Samskiptasáttmáli starfsfólks	Allt starfsfólk	–
Allt árið	Þjálfun í innra mati á matsfundum	Allt starfsfólk	–

Einstaklingsbundin símenntun og eftirfylgni

- Hver starfsmaður setur sér 1–2 markmið í starfsþróunarsamtali að hausti, sem tengjast áherslum skólans eða eigin starfi.
- Starfsfólk skráir þá símenntun sem það sækir og skilar yfirliti til skólastjóra að vori.
- Farið er yfir árangur í starfsþróunarsamtali að vori.
- Áætlunin er endurskoðuð samhliða innra mati vorið 2027 og birt í starfsáætlun skólans.

Árangur er metinn út frá viðmiðum umbótaáætlunar, m.a. í Skólapúlsinum haustið 2027.